

# Hestamannafélagið Skuggi

## Aðalfundur 2. mars 2011 – fundargerð

Við upphaf fundar voru 30 félagar mættir.

### 1. Setning

Formaður félagsins Stefán Logi setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Vonaðist hann til þess að fundurinn yrði árangursríkur og félaginu til góðs. Kynnti hann dagskrá sem auglýst hefur verið með fundarboði. Flutti hann tillögu um Helga Helgason fundarstjóra og ritara þau Helgu Björk Þorsteinsd. og Kristján Gíslason henni til aðstoðar. Helgi tók við stjórn fundarins. Þakkaði hann það traust sem honum er sýnt. Var þá gengið til dagskrár.

### 2. Fundargerð síðasta aðalfundar.

Kristján Gíslason las upp fundargerð síðasta aðalfundar. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og telst hún því samþykkt. Fundargerðin verður birt á heimasíðu félagsins.

### 3. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Stefáni Loga form. félagsins orðið. Flutti hann skýrslu stjórnar fyrir árið 2010.

***Stjórn félagsins sem kosin var á síðasta aðalfundi Skugga þann 09. mars 2010 hefur verið þannig skipuð:***

*Stefán Logi Haraldsson, form., Marteinn Valdimarsson, varaform., Helga Björk Þorsteinsdóttir, ritari, Arnar Már Gíslason, gjaldkeri og Margrét Grétarsdóttir, meðstj.*

*Varastjórn hafa skipað þau: Sæmundur Jónsson og Guðrún Ásta Völundardóttir og hafa þau verið boðuð til allra funda stjórnar.*

*Starfsemi Hmf. Skugga á starfsárinu hefur verið lífleg og góð og um margt með hefðbundnu sniði.*

*Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 9 bókaða stjórnarfundum, auk allmargra óformlegra funda með nefndum félagsins, byggingar- og rekstrarnefndum reiðhalla, stjórnnum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni.*

*Upplýsingastreymi til félagsmanna hefur að mestu farið fram á heimasíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins. Slóðin á heimasíðu félagsins er eins og allir hér vita: [www.hmfskuggi.is](http://www.hmfskuggi.is) Mikill metnaður er nú lagður í uppfærslu og upplýsingagildi heimasíðunnar og hefur Kristján Gíslason veg og vanda af því. Rétt er að hvetja alla félagsmenn til að nýta sér þennan miðil mjög reglulega og*

*láta gjarnan í sér heyra þegar einhverju þarf að koma til skila, sem erindi á til félaganna og annarra hestaáhugamanna.*

*Beitarmál voru með hefðbundnu sniði og ásókn félagsmanna í hagabeit svipuð og á síðasta ári. Beitarnefnd félagsins hefur það hlutverk með höndum að framfylgja leigusamningum okkar og endurleigja til okkar félagsmanna, gegn okkar gjaldskrá. Í burðarliðnum er nú leigusamningur um beitiland í landi Holts, við eigendur jarðarinnar; Proskahjálp á Vesturlandi og verður það eitt af fyrstu verkum næstu stjórnar að ganga frá þeim málum.*

*Mótahald s.l. sumar féll alveg niður vegna skæðrar hestapestar sem hófst í upphafi sumars og varð þess valdandi að allt mótahald í landinu lagðist af og þar á meðal Landsmót sem fara átti fram á Vindheimamelum í byrjun júlí s.l.*

*Árleg firmakeppni félagsins var þó haldin þann 24. apríl 2010 og tókst vel til og allir höfðu gaman af. Haldin var KB mótariðin í reiðhöllinni – vetrarleikar – (í febrúar til apríl) sem Skuggi og Faxi héldu sameiginlega og tókst sú nýbreitni mjög vel upp. Haldin voru fjögur mót, þar sem keppt var í stigakeppni og liðakeppni.*

*KB Búrekstrardeild var styrktaraðili mótaraðarinnar og eru KB fæðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.*

*Æskulýðs- og fræðslunefnd stóð fyrir mörgum viðburðum og upþákomum. Farið var í tvo útreiðatúra með ungvíðinu og fjölskyldum, í febrúar og mars, þar sem þátttaka var góð og boðið var uppá veitingar í Félagshemilinu að reiðtúrum loknum. Efnit var til fjölskylduratleiks um hesthúsahverfið þann 02. maí 2010 og heppnaðist það framtak alveg frábærlega. Haldið var fræðslukvöld á vegum nefndarinnar í mars 2010. Verklegur þáttur Knapamerkjánámskeiðs 1 fór fram á tímabilinu janúar – maí og var virkni þátttakenda góð og stemming í hópnum. Því miður tókst ekki að klára próf og útskrift á námskeiðinu í maí, eins og til stóð, vegna hestapestarinnar. Í byrjun febrúar hófst síðan 10 tíma reiðnámskeið fyrir 11 ára og yngri, þar sem kennt var 2-3 í viku og lauk námskeiðinu í byrjun mars. 14 krakkar tóku þátt í námskeiðinu.*

*Til stóð að fara með unglinga 12 ára og eldri í síðsumarferð með gistingu á fjöllum, en af því varð ekki vegna þátttökuleysis og var þar afleiðing hestapestarinnar sem mestu olli. Vonandi verður hægt að koma svona viðburði á n.k. sumar.*

*Haldið var Unglingalandsmót í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og tóku nokkur ungmenni frá Skugga þátt í hestakeppni mótsins.*

*Reiðvegamála hafa eins og ávallt undanfarin ár verið töluvert í deiglunni á starfsárinu og hefur reiðveganefnd lagt talsverða vinnu í viðhald og lagfæringar á reiðvegum okkar, ásamt því að nýr reiðvegur var lagður í landi Holts. Við þessa vinnu hafa nefndarmenn og fleiri lagt fram mikla sjálfboðavinnu og tækni, sem meta má til töluverðra upphæða og ber að þakka það framtak af heilum hug. Reiðvegamálin á þessu svæði okkar eru mjög mikilvægur málaflokkur, sem nýtist öllum félagsmönnum Skugga, ásamt öðrum sem leið eiga um þetta svæði ríðandi og er verkefalisti þeirra í reiðveganefnd því óþrjótandi og einungis fjármagn sem hamlar framvindu þessarar verkefna.*

*Umhverfismálin eru ávallt töluvert í umræðunni hjá félagsmönnum og hélt Umhverfisnefndin hefðbundinn tiltektardag um miðjan maí, þar sem átak var gert í fegrun hesthúsahverfisins og í*

kringum reiðhöllina okkar. Í þessum málaflokki þurfum við alltaf að vera á varðbergi til að svæðið okkar sé okkur til sóma. Haldið var áfram við nýtt rúllustæði vestan við Selás, í hvarfi frá húsum og reiðvegi, en þar höfum við notið velvilja einstaklinga og fyrirtækja við útvegum efnis og véla, auk þess sem töluverðum upphæðum hefur verið varið í vélavinnu og efni. Nefndin gerði síðan áttak í umhverfi félagsheimilisins okkar, tók upp staura og málaði.

Skemmtinefnd félagsins stóð fyrir ferð á stóðhestasýningu á Hellu í byrjun apríl og tókst sú ferð ákaflega vel og þátttaka nokkuð góð.

Ferðanefnd stóð fyrir nokkrum ferðaviðburðum á árinu, svo sem Rauðanesreið á föstudaginn langa, ásamt síðsumarferð á Mýrunum um miðjan ágúst s.l. Þátttaka var góð og veður mjög ákjósanleg.

Rafmagnsnefnd hefur haft sinn venjubundna starfa fyrir félagið, en auk almenns viðhalds stóð nefndin fyrir framkvæmdum við aukna götulýsingu í hesthúsahverfinu, en því verki lauk að mestu í lok ársins og var gengið frá uppgjöri við Borgarbyggð í lok ársins, vegna framkvæmdanna sem þeim tilheyrði. Munu nefndarmenn í rafmagnsnefnd gera grein fyrir fjárhagsstöðu nefndarinnar hér á eftir.

Kvennadeild félagsins, Skuggadísir, voru með líflegt starf á starfsárinu. Haldin voru skemmtikvöld, farið í reiðtúra saman og notið þess að vera í góðum félagsskap hrossa og kvenna.

Reiðhöllin í Borgarnesi var vígð þann 5. mars 2010 og hlaut hún nafnið **FAXABORG**. Höllin hefur verið mikil lyftistöng fyrir starfsemi félagsins, eins og vonir höfðu staðið til og klárt mál að enn á eftir að aukast ásókn í höllina og notkun að verða almennari þegar á líður. Fjármál reiðhallarinnar hafa verið mikið í vinnslu á liðnu starfsári og var undir lok ársins gengið frá samkomulagi við Arionbanka um endurfjármögnun og skuldaafléttingu á hluta skulda reiðhallarinnar við bankann. Arionbanki kom þar myndarlega til móts við eigendur hallarinnar og má fullvist telja að án þess velvilja sem þar var sýndur hefði verið erfitt að standa við áður gerðar skuldbindingar með tilheyrandi hækkunum og breyttum forsendum.

Lykillinn að þessari lausn sem náðist í skuldavandanum var þó samþykki sveitarstjórnar Borgarbyggðar að leggja félaginu (Reiðhöllin Vindási ehf.) til aukið hlutafé, til þriggja ára í viðbót við það sem áður hafði verið ákveðið, eða um 21 millj. króna.

Mun ég gera sérstaka grein fyrir málefnum Reiðhallarinnar Vindási ehf. hér á eftir, undir liðnum skýrslur nefnda.

Verið er að ganga frá hesthúsinu í Faxaborg og fjármögnun þess verkefnis, en rekstrarnefndin Selás ehf. hefur verið frábærlega dugleg í þeim málum og komið er nú á lokametranum með framkvæmdir við hesthúsið undir þeirra stjórn. Okkar félagar Ingi Tryggvason og Ámundi Sigurðsson eiga þar stærstan hlut að máli að mínu mati og ástæða til að færa þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra fórnfýsi og dugnað. Ljóst er að óvissa er nokkur um árangur rekstrarfélagsins Selás ehf. og fjárhagslegt öryggi þess og því er ástæða til að hvetja alla félagsmenn og hestamenn í héraði til að hafa vakandi augu fyrir mögulegum viðburðum og láta rekstrarnefndina vita, auk þess sem hestamenn í Borgarfirði þurfa að vera duglegir að nota mannvirkni og kaupa sér mánaðarkort eða árskort í höllinni og tryggja þar með rekstraröryggið að einhverju leyti. Nýlega var tekin ákvörðun um að

*lækka árskort í höllina í kr. 20 þúsund og því engin spurning um að allir sem nýtt geta höllina kaupi sér árskort.*

*Farið hefur verið yfir það helsta í starfsemi félagsins á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að koma á framfæri. Starfsemi félagsins hefur verið góð að mati undirritaðs og hugur í félagsmönnum, en þó verður að segja að hestapestin skæða setti mikið strík í starfsemina frá vordögum og fram á haust.*

*Áður en ég lýk máli mínu vil ég gera að umræðuefni nokkur mál sem félagsmenn þurfa að hugleiða og færa til betri vegar að mínu mati.*

- *Í fyrsta lagi vil ég minnst á lausagöngu hunda í hesthúshverfinu og á reiðvegum í nágrenni hverfisins, sem líta má á sem ákveðið vandamál og hafa þar hlutir færst til verri vegar undanfarið, að mínu mati. Ég minni á að á síðasta ári gengum við frá samþykktum um umgengni í hesthúshverfinu, sem staðfestar hafa verið af sveitarstjórn, en í þeim samþykktum segir í 5. grein; **„Hundar skulu ekki vera lausir á svæðinu sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð.“***
- *Í öðru lagi vil ég gera að umræðuefni staðsetningu á hestakerrum og öðrum tækjum, nothæfum og minna nothæfum í hverfinu, ásamt heyrúllum og heyböggum utan rúllustæða. En í fyrrgreindum samþykktum um umgengni í hesthúshverfinu segir í 2. grein; **„Hestakerrur og önnur farartæki, skráð og notkunarhæf, skulu geymd á þar til gerðum og merktum stæðum. Bannað er að skilja hvers konar rusl eftir utanhúss, sem og sagpoka, heyrúllur, plast, byggingarefni og verkfæri.“** Þá segir 4. grein sömu samþykktu; **„Kerrum og heyrúllum eða heyböggum skal komið fyrir á þar til gerðum stæðum og þannig frá þeim gengið að ekki stafi af þeim hætta.“***
- *Í þriðja lagi vil ég minna á mikilvægi þess að bílum sé lagt á bílastæðum og ekki í götunum í gegnum hesthúshverfið. Í því samhengi vitna ég enn og aftur í fyrrgreindar samþykktir, en í 3. grein segir; **„Bílum skal lagt á þar til gerðum stæðum, utan þeirra brauta þar sem farið er um á hestum. Bannað er að leggja í götunum í gegnum hesthúshverfin, nema á tilgreindum bílastæðum.“***
- *Í fjórða lagi minni ég á að í þessum samþykktum er kveðið á um að komið verði upp vökvaheldum taðþróm eða gámum inná lóðir hvers hesthúss, svo sem segir í 6. greininni, en skv. 12. grein er eigendum hesthúsanna veittur frestur til ársloka 2011 til að uppfylla það.*
- *Ástæða þess að ég geri þetta að umtalsefni hér er einfaldlega sú að það er lítil hjálp í því að setja sér reglur og fá þær staðfestar af sveitafélaginu, ef við ætlum ekki að virða okkar eigin reglur og samþykktir. Vissulega er það Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Byggingafulltrúa Borgarbyggðar að sjá um eftirlit og framkvæmd þessara samþykktu, svo sem segir í 10. grein samþykktanna, en okkar félagsmanna er að sjálfsögðu að virða þessar reglur og framfylgja þeim.*
- *Síðasta atriðið sem ég vil minnst á er hugleiðing um mikilvægi þess að við hestamenn í hverfinu setjum upp endurskinsmerki, jafnt á hestamann, hest og reiðtygi. Í því sambandi vil ég minnst á að nú nýverið gaf tryggingarfélagið VÍS félaginu endurskinsvesti fyrir hluta af okkar yngri reiðmönnum, sem Æskulýðsnefndin hefur til umráða og úthlutunar og ber að þakka það framtak fyrirtækisins.*

*Ég vil að lokum þakka félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins.*

*Þá vil ég færa meðstjórnarmönnum mínum kærar þakkir fyrir samstarfið, en þau hafa að mínu mati verið frábær í samstarfi og lagt sitt að mörkum við starfrækslu félagsins okkar. Það hefur verið mér sannur heiður að vinna með þessu mikla sómafólki.*

*Ég ætla að nota tækifærið að endingu til að færa sérstakar þakkir til Arnars M. Gíslasonar, gjaldkera félagsins, Margrétar Grétarsdóttur, meðstjórnanda og Sæmundar Jónssonar, varastjórnarmanns, en þau hafa öll ákveðið að kveðja stjórnina í bili og biðjast nú undan endurkjöri. Bestu þakkir til þeirra en öll munu þau starfa af krafti fyrir félagið áfram þó utan stjórnar verði.*

*Sjálfur hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér til endurkjörs sem formaður félagsins, en þess í stað er ég tilbúinn til að taka sæti sem óbreyttur stjórnarmaður ef áhugi félagsmanna er fyrir því.“*

Fundarstjóri þakkaði formanni skýrsluna – gaf hann orðið laust um skýrsluna. Enginn hvaddi sér hljóðs að þessu sinni og var því gengið til næsta dagskrárliðar.

#### **4. Reikningar**

Arnar Már Gíslason gerði grein fyrir reikningum ársins 2010. Var ársreikningi með skýringum dreift til fundarmanna. Tekjur alls kr. 6.6.40456.- Gjöld kr. 4.228.228.- Rekstrarafgangur ársins 2.412.228.- Þar af 1.787.250.- vegna vinnuframlags félaga v. Vindás ehf. Eignir samtals kr. 31.664.174.- Engar skuldir hvíla á félaginu.

Færði gjaldkeri Hrefni Jónsdóttir sérstakar þakkir fyrir aðstoð við reikninga og uppgjör.

Fundarstjóri gaf orðið laust um reikninga. Ámundi færði stjórn þakkir fyrir störf á árinu. Spurði hann um afskriftir eigna s.s. valla og félagsheimilis. Form. svaraði fyrirspurn á þann veg að félagið hefur ekki afskriftarskyldur en hins vegar mætti huga að afskriftum seinna meir. Félagshemilið er örugglega meira virði en fram kemur á reikn. Hins vegar er þetta alltaf matsatriði.

Fundarstjóri bar reikninga upp til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða.

#### **5. Skýrslur nefnda**

##### **Reiðveganefnd**

Marteinn Valdimarsson flutti skýrslu nefndar í forföllum formanns nefndar.

*„Nefndina skipuðu: Benedikt Línadal, form. Bjarni H. Johansen, Guðmundur Guðsteinsson, Kristján Finnur Kristjánsson og Marteinn Valdimarsson*

*Nefndin hélt aðeins tvo bókaða fundi, en átti auk þess fundi með starfsmönnum sveitarfélagsins og formaðurinn fylgdist grannt með þeirri vinnu við aðalskipulag, sem sneri að reiðleiðum.*

Það blés lengi vel ekki byrlega varðandi reiðvegaframkvæmdir á s.l. ári. Langt fram eftir árinu var mikil óvissa um hvert framlag ríkissjóðs yrði og það var ekki fyrr en í lok september að fyrir lá niðurstaða um skiptingu reiðvegafjár. Svo sein úthlutun gerði það að verkum að mörg félög lentu í erfiðleikum með að nýta sínar úthlutanir, þar sem besta framkvæmdatíminn var liðinn. Menn voru á handahlaupum alveg fram að áramótum við að koma í ló því fé sem þeim var úthlutað. Þetta varð til þess að við áttum þess kost að fá mun meira fé til ráðstöfunar en okkur var úthlutað í fyrstu.

Okkur til happs í því efni var, að fyrir lá áætlun og ákvörðum um hvað við vildum gera, góðar aðstæður til framkvæmda á okkar svæði og menn og tæki til reiðu.

Heildarúthlutun til Skugga náði að verða 1.620.957 kr.

Útlagður kostnaður varð 1.739.517 kr. Sjálfboðavinna er áætluð 221.500 kr. og mól frá landeinda, Borgarbyggð, metin á 936.000 kr. Samtals geri þetta 2,9 millj.kr. Í sjálfboðavinnunni fór á undan formaður nefndarinnar, sem fékk með sér nokkra góða menn með vélar og vagna. Þetta er mjög mikils virði og ber að þakka sérstaklega.

#### **Framkvæmdir ársins voru:**

Nýtt ræsi á reiðveginn niður með flugvellinum og borið ofan í hann á kafla.

Haldið áfram og lokið við gerð reiðvegarins um land Holts að Lækjarkoti.

Sett upp girðing við veginn upp að Lækjarkoti.

Borið ofan í reiðveginn frá Háflæk í átt að Langá.

Tenging frá skeiðvelli að reiðhöllinni.

Gert við ræsi við Háflæk.

#### **Síðast liðin 10 ár**

Það sem hefur verið gert síðastliðin 10 ár er eftirfarandi:

- Lagning reiðvegarins frá hesthúsahverfinu niður á Ólafsvíkurveg.
- Lagning reiðvegarins frá hrútahúsinu upp í gegnum Bjarnhóla.
- Lagning reiðvegarins frá Hamarslæknum upp að Hamarshúsum sem opnaði hringleið um Bjarnhóla.
- Lagning reiðvegarins frá Bjarnhólum að Lækjarkoti sem tengir hverfið reiðvegi upp með þjóðveginum.
- Borðið ofan í reiðveginn frá Einkunnum að Langá í nokkrum áföngum og efni í veginum brotið.
- Lagfærð reiðleið fyrir ræsi við Skjólbrekku.
- Uppsetning áningargerðis við Skilklett

Það sem þetta hefur skilað og mestu varðar er, að við getum valið fleiri og fjölbreyttari leiðir til útreiða og þurfum lítið að fara með þjónvegi nr. 1 fyrr en við erum komin upp fyrri Lækjarkot. Það kemur sér sérstaklega vel fyrir þá sem eru með girðingarhólf sunnan vegarins.

Þegar þetta er talið upp með þessum hætti, gæti þetta virst nokkuð gott, en er í raun langt frá því að vera það sem við viljum sjá og gera. Allir þeir reiðvegir sem nefndir hafa verið, eru lagir af vanefnum, þarfnast víða meiri ofaníbúðar og betri frágagns. Einnig þurfum við að fá fleiri reiðleiðir hér í okkar næsta nágrenni s.s. í gegnum Einkunnir, niður með Háflæk, tengingu upp á

*veginn að Gufuá og nýjan reiðveg upp í Einkannir aðskilinn frá akveginum. Þá vantar allar merkingar á okkar reiðvegi en fyrir liggur áætlun, af hálfu sveitarfélagsins, um að úr því verði bætt nú í vor.“*

## **Rafmagnsnefnd**

Guðmundur A. Arason flutti skýrslu rafmagnsnefndar í forföllum formanns. Hagnaður á ári rétt um 295 þús. Eign er nú 2.481 þús. Innheimta gjalda hefur gengið vel. Nefndin lagði út fyrir rafmagnsstaurum fyrir sveitarfélagið. Aðkallandi verkefni er að leggja nýjan streng í Vindás. Stefnan er að koma upp nýjum mælum í öll hús. Nefndin útvegar mælana en eigendur sjá um uppsetningu. Hvatti hann húseigendur til að breyta í hitaveitu þar sem það á við því afar dýrt er að kynda með rafmagni.

## **Selás ehf**

Ingi Tryggvason skýrði frá starfsemi félagsins frá 2009. Vindás ehf gat ekki fjármagnað hesthúsið og loftræstingu, því lentu þau verkefni á rekstrarfélaginu. Komið er loftræstikerfi í húsið og kostaði það um 2 millj. Vegna samstarfs við LBHÍ var ákveðið að klára hesthúsið. Var byrjað á framkvæmdum í desember og er á lokastigi nú í byrjun mars og byrjað að nota það. Samið var við LímtréVírnet um smíði og uppsetningu innréttinga. Ágalli er á húsinu er að sökkullinn í hesthúsinu er óeinangraður og þar að bæta þar úr. Kostnaður er kominn í rétt um 6 millj. Eru áætlanir um að ljúka fjármögnun á næsta ári. Borið hefur á því að menn gangi ekki nógu vel um. Hvetur Ingi menn til að gera eins vel og hægt er og hreinsa til eftir sig. Færði hann þeim er lánað hafa hesthús vegna námskeiða fyrir þeirra framlag.

## **Vindás ehf.**

Stefán Logi fór yfir málefni Vindás ehf. en hann er form. stjórnar þess félags.

*„Stjórn Reiðhallarinnar Vínási ehf., hefur lokið samningum við Arionbanka um skuldaskil á vanskilum skuldabréfs og yfirdráttar. Var það gert í framhaldi af samþykkt sveitastjórnar Borgarbyggðar um viðbótarhlutafé á árunum 2012-2014, 7,0 millj. á ári eða samtals 21,0 millj. króna. Má segja með sanni að þessi aðgerð sveitastjórnar Borgarbyggðar hafi ráðið úrslitum um að lausn fannst á þessu máli.*

*Í samkomulaginu um uppgjör skulda við Arionbanka voru forsendur þær að heildarskuldir félagsins við bankann pr. 31.12.2010 voru kr. 40,9 milljónir króna (4,5 v/yfirdráttar og 36,4 v/veðskuldabréfs). Þessar skuldir voru uppperðar með útgáfu rekstrarláns til fjögurra ára að upphæð kr. 24,0 millj., tryggt með fyrsta veðrétti í fasteigninni og veði í hlutafjárframlagi Borgarbyggðar árin 2011-2014 (samtals að upphæð 26,0 millj. króna, auk veðbóta á framlag ársins 2011 ca. 2,0 millj.). Einnig voru greiddar til bankans kr. 3,5 millj. þann*

31.12.2010 (hluti af framlagi Borgarbyggðar fyrir árið 2010 – hinn hluti framlagsins um 3,5 millj. fóru til uppgjörs lausaskulda félagsins).

Samkvæmt ofangreindu voru greiddar kr. 27,5 millj. uppí þessar 40,4 millj. og eftirstöðvar uppá um 13,4 millj. króna fellir bankinn niður og afskrifar. Með þessu sýnir Arionbanki einarðan vilja og góðan hug til hestamanna á Vesturlandi, sem alls ekki er sjálfsagt og ber að þakka þetta framlag bankans af heilum hug.

Það er fyrirliggjandi í áætlunum félagsins fyrir árin 2011-2014 að til að hlutirnir gangi upp og hægt verði að standa við þær skuldbindingar sem á félaginu hvíla þurfa hestamannafélögin Faxi og Skuggi að leggja fram á bilinu 1,0 – 1,5 millj. króna á ári í beinhörðum peningum, ásamt því að gert er ráð fyrir að rekstrarfélagið Selás ehf., geti staðið skil á þeirri leigu sem samningur félaganna segir til um. Selás ehf. hefur hafist handa við að klára framkvæmdir við loftræstikerfi og frágang hesthússins og mun rekstrarfélagið verða að sjá um fjármögnun á því að öllu leyti, en þau fjárútlát ganga síðan á móti leigugreiðslum til Reiðhallarinnar Vindás ehf., en samningur þar að lútandi er nú í burðarliðnum.

Varðandi fjárframlög Faxe og Skugga þá liggur fyrir að félögin þurfa að greiða kr. 500 þúsund hvort til Reiðhallarinnar Vindás ehf., fyrir lok febrúarmánaðar 2011, þar sem ennþá eru ógreiddar skuldir við sveitasjóð vegna hluta fasteignagjalda og eins er óuppgert við ríkissjóð vegna virðisaukaskatts. Rétt er einnig að geta þess að í samningi sem gerður var við Borgarbyggð um framlag þeirra vegna árunna 2011-2014 og handveðsetningu þess til Arionbanka, þá var einnig gengið frá því að Borgarbyggð samþykkir að veita Reiðhöllinni Vindási ehf. framlag til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félagsins á árunum 2010-2014.

Í drögum að ársreikningi Reiðhallarinnar Vindási ehf., fyrir árið 2010 liggur fyrir að bókfært verð fasteignar (reiðhallarinnar) er skráð kr. 113,7 millj. og afskrifað hefur verið á árunum 2009 og 2010 að upphæð kr. 7,1 millj., þannig að byggingakostnaður í árslok 2010 er þá kominn í kr. 120,8 milljónir. Til viðbótar við þennan byggingakostnað er síðan ljóst að þær framkvæmdir sem rekstrarfélagið Selás ehf. hefur staðið fyrir og greitt (loftræstikerfi og hesthús-framkvæmdir) eiga eftir að koma þarna inn.

Staða hlutafjár í Reiðhöllinni Vindási ehf., þann 31.12.2010 er þannig að skráð hlutafé er að upphæð kr. 96.860.487,- og skiptist þannig á milli hluthafa:

- |               |                  |        |
|---------------|------------------|--------|
| • Borgarbyggð | kr. 46.817.814,- | 48,34% |
| • Hmf. Skuggi | kr. 22.899.975,- | 23,64% |



- Hmf. Faxi kr. 21.042.698,- 21,72%
- Hrossaræktunarsamb. Vesturlands kr. 6.100.000,- 6,30%

Þarna er komið inn hlutafé Borgarbyggðar til loka árs 2010, en eftir er að koma framlag vegna árána 2011-2014, eins og að ofan greinir. Einnig hefur verið fært þarna inn hlutafjárframlag hestamannafélaganna vegna sjálfböðavinnu félagsmanna á árinu 2009, að upphæð um 2,5 millj. króna. Það er mat undirritaðs að eftir eigi að færa inná hlutafjárstöðu Hmf. Faxe upphæð sem ráðstafað var til kaupa á tveimur vatnshitablasurum en það hefur farið í gegnum bókhald Seláss ehf. og á því eftir að færast inn hjá Reiðh. Vinási ehf.

#### Lokaorð

Það er alveg ljóst að skuldamál reiðhallarinnar hafa legið þungt á eigendum hússins og því ákveðinn léttir að mál séu nú kominn í farveg sem ætti að vera viðráðanlegur fyrir alla aðila málsins. Hestamannafélögin verða vissulega að leggja á sig töluverða vinnu og útsjónasemi til að afla fjár fyrir sínum hluta á árunum 2011 – 2014, en þá á fjármögnun reiðhallarinnar að vera lokið skv. þeim áætlunum sem unnið er eftir. Sveitarfélagið Borgarbyggð hefur tekið mjög myndarlega á málum og ber að þakka þá framsýni og þann dug sem sveitarstjórnarfolk, flest a.m.k., hefur sýnt við að verja þá hagsmuni sem í húfi voru. Einnig er rétt að áréttu að Arionbanki reyndist sannarlega „Haukur í horni“ við lausn málsins og er þeirra framlag sannarlega þakkarvert og þeim til mikils sóma.

Þá er rétt að víkja orðum að þeim allörgu lánadrottnum félagsins sem sýndu einstakt langlundargeð og skilning við skuldauppgjör Reiðh. Vindási við þá og ber að koma á framfæri miklu þakklæti til þeirra sem þar áttu hlut að máli. Margir þeirra sýndu rausnarskap og gáfu eftir allar kröfur um dráttarvexti og tafabætur, sem mikið hefur hjálpað til.

Að lokum er sjálfsagt að færa þakkir til allra þeirra sem komu að lausn málsins og sérstakar þakkir fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn félagsins, frá upphafi verkefnisins.“

Að lokinni skýrslu Stefáns var gefið kaffihlé.

Að afloknu kaffihléi gaf fundarstjóri orðið laust um skýrslur nefndar. Marteinn tók til máls um skýrslur Vindáss ehf og Seláss ehf og þakkaði það mikla og erfiða starf sem hefur verið unnið á vettvangi þeirra félaga. Ekki kvöddu fleiri sér hljóðs.

#### 6. Inntaka nýrra félaga

Skv. lögum félagsins þarf að bera upp nýja félaga – í félagið hafa á starfsárinu hafa gengið 18 nýir félagar. Bauð hann nýja félaga velkomna en þeir eru:

Alexandrea Rán Herwigsdóttir  
Edda Björk Hauksdóttir  
Einar Guðmann Örnólfsson  
Elín Björk Sigurþórsdóttir  
Guðmundur Árni Ólafsson  
Guðný Jóna Guðmarsdóttir  
Helgi Baldursson  
Hilmar Sigurðsson  
Húni Hilmarsson  
Janna Nowak  
Jón J. Haraldsson  
Máni Hilmarsson  
Snorri Elmarsson  
Steinunn Ösp Davíðsdóttir  
Sæmundur Sigurþórsson  
Þóra Þorgeirsdóttir  
Kristín Linga Ozolina  
Guðmundur Skúli Halldórsson

Af félagaskrá hafa fallið 16 manns, þar hafa 9 óskað eftir því að ganga úr félaginu. 7 eru afskráðir af ýmsum ástæðum. Fjölgar því um tvo féлага milli ára.

## 7. Lagabreytingar

Stefán Logi fór yfir tillögur laganefndar sem sendar voru út með fundarboði.

(Það sem lagt er til að falli út er með rauðu lettri).

## Lög Hestamannafélagsins Skugga

### Tillaga að lagabreytingum á aðalfundi 02. mars 2011

#### 1. grein Heiti, heimili og varnarþing

Félagið heitir Hestamannafélagið Skuggi, **Borgarnesi**. Heimil þess og varnarþing er í Borgarnesi. Félagið er aðili að U.M.S.B., L.H. og Í.S.Í. og er háð lögum, reglum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar.

#### 2. grein Tilgangur

**Tilgangur félagsins er:**

1. að stuða að bættri aðstöðu og hinum ýmsu hagsmunum félagsmanna sem lúta að hestamennsku.
2. að halda og vanda sem best til kappreiða, íþróttamóta, góðhestakeppni og sýninga.

**Tilgangur félagsins er að efla áhuga á hestum og hestamennsku. Stuðla að góðri meðferð**

*hesta. Vinna að framgangi hestaíþróttá í sem víðtækastri merkinu þess orðs og gæta hagsmuna félagsmanna í hvítvetna. Það skal gert meðal annars með því að:*

- 1. Stuðla að sem bestri aðstöðu fyrir fyrir félagsmenn og hesta þeirra.*
- 2. Byggja upp og viðhalda keppnisáðstöðu fyrir hinar ýmsu keppnisgreinar í hestamennsku.*
- 3. Standa fyrir fræðslu og kennslu til handa félagsmönnum.*
- 4. Standa fyrir mótahaldi og sýningum á sem breiðustum grunni.*
- 5. Byggja upp og viðhalda reiðvegum og reiðleiðum.*
- 6. Koma á framfæri og halda á lofti sjónarmiðum félagsmanna sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra.*

### **3. grein Félagsaðild**

*Inntaka nýrra félaga skal aðeins fara fram á aðalfundi og skal umsókn um inngöngu vera skrifleg. Félagar geta allir orðið sem þess óska og hafa áhuga á hestum. Ekki eru aðrar takmarkanir á þátttöku í félagsstarfi en þær sem ytri aðstæður kynnu að hamla.*

*Félagar geta allir orðið sem þess óska og eru reiðubúnir til þess að hlíta lögum og reglum félagsins. Umsóknum um inngöngu í félagið skulu afhentar eða senda stjórn félagsins sem skráir nýja félagsmenn. Nýir félagar öðlast öll félagsréttindi með greiðslu árgjalds. Nýir félagar skulu kynntir á næsta aðalfundi.*

*Óski félagsmaður að ganga úr félaginu skal hann tilkynna það til stjórnar félagsins skriflega. Einnig skal kynna úrsagnir félaga á næsta aðalfundi.*

### **4. grein Félagsgjöld**

Félagsgjald skal greitt fyrir eitt ár í senn og skal það ákveðið á aðalfundi hve hátt gjaldið er fyrir hvert ár í senn. Stjórn félagsins sér um innheimtu félagsgjalda og eindagi þeirra 1. maí. Börn 12 ára og yngri eru gjaldfrí, börn 13 til 16 ára greiði hálf gjald. Hjón sem bæði eru í félaginu greiði eitt og hálf gjald og kallast hálf gjaldið makagjald. Félagsmenn 67 ára og eldri greiða ekki félagsgjöld og gildir það frá áramótum eftir að þeim aldri er náð. Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjöld sín fyrir **30. september 31. desember** ár hvert teljast ekki lengur félagsmenn enda hafi gjaldkeri sent ítrekun. Óski félagsmaður eftir úrsögn úr félaginu skal það gert skriflega til stjórnar félagsins.

### **5. grein Stjórn, kosningar**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Formaður er kosinn til eins árs, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára., þannig að ritari og meðstjórnandi eitt árið og gjaldkeri og meðstjórnandi annað árið. *Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum.*

Tveir menn eru í varastjórn og skulu þeir líka kosnir til tveggja ára, *sitt hvort árið sitt árið hvor.* Kosningar skulu vera skriflegar ef uppástunga kemur um fleiri en einn.

### **6. grein Aðalfundur**

*Aðalfund skal halda árlega og hefur hann æsta vald í málefnum félagsins. Skal hann eigi halda síðar en í lok febrúar ár hvert og er hann ekki löglegur nema til hans sé boðað með minnst 7 daga fyrirvara.*

*Aðalfund skal halda árlega og hefur hann æðsta vald í málefnum félagsins. Skal hann haldinn á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember ár hvert og er hann ekki löglegur nema til hans sér boðað með minnst 7 daga fyrirvara.*

Verkefni aðalfundar eru meðal annars:

1. Fundur settur
2. fundargerð síðasta fundar lesin
2. Skýrsla stjórnar
3. Gjaldkeri leggur fram **endurskoðaða** reikninga félagsins til samþykkar, **skoðaða og áritaða** af skoðunarmönnum félagsins.
4. Skýrslur nefnda
5. **Kynning á inntakagöngu** nýrra félaga **og úrsögnum félagsmanna**
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda, fulltrúa á L.H. og U.M.S.B. þing.
8. Félags- og hagagjöld
9. Önnur mál
10. Fundi slitið

### **7. grein Skoðunarmenn**

Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn **og tvo til vara** til þess að yfirfara reikninga félagsins.

### **8. grein Reikningsár félagsins**

**Reikningsár félagsins er almanaksárið.**

**Reikningsár félagsins skal vera frá 1. október til 30. september.**

### **9. grein Starfsnefndir**

Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum og setja þeim

starfsreglur. **Fjármál öll varðandi slíkar nefndir skulu vara í gegnum stjórn félagsins.**

**Öll fjármál nefnda skulu fara í gegnum stjórn félagsins.**

### **10. grein Aðild að íþróttasamböndum**

Um aðild að U.M.S.B., L.H. og Í.S.Í.

Val fulltrúa á á héraðsþing U.M.S.B. miðast við félagsmenn skv. félagatal s.l. starfsárs. Sama tilhögun gildir um fjölda fulltrúa á ársþing L.H. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttþings og ársþings sambandsaðila Í.S.Í. hafa þeir félagsmenn sem náð hafa 16 ára aldri sbr. 7. grein.

laga Í.S.Í.

### **11. grein Þátttaka í félagarekstri**

**Heimilt er að félagið taki þátt í stofnun og eigi í félögum s.s. hlutafélögum, sem hafa það að markmiði að bæta aðstöðu og vinna að hagsmunum félagsmanna og hestamanna almennt. Þessi heimild skal háð samþykki félagsfundar hverju sinni. Stjórn félagsins skal tilnefna og/eða skipa fulltrúa félagsins á fundi slíkra félaga og í stjórnir þeirra, eftir því sem samþykktir þeirra segja fyrir um.**

### **12. grein Lagabreytingar**

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og því aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða

**samþykki breytinguna falli með tillögunni.** Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 31. **desember ágúst.** Tillögur til lagabreytinga skal kynna í aðalfundarboði.

### **13. grein Afl atkvæða**

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum félagsins.

### **14. grein Til brábirgða:**

*Reikningsár félagsins árið 2011 skal vera frá 1. janúar til 30. september.*

*Á árinu 2011 skal haldinn annar aðalfundur ekki síðar en 15. nóvember.*

*Kjörtímabil þeirra sem kjörin verða til trúnaðarstarfa fyrir félagið á aðalfundi fyrir árið 2010 styttist sem nemur flýtingu næsta aðalfundar eða um sem næst þrá mánuði.*

*Kjörtími þeirra sem kosin verða á aðalfundi á fyrrihluta ársins 2011, til eins árs sbr. 5. grein, er til aðalfundar á síðari hluta ársins 2011 og kjörtími þeirra sem kosin verða til tveggja ára, til aðalfundar árið 2012.*

### **15. grein Gildistaka**

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

#### ***Samþykkt á aðalfundi 2. mars, 2011***

**Samþykkt á aðalfundi 11. febrúar, 1990**

**(Samþykkt breyting á 5. gr. 29. febr. 1996)**

**(Samþykkt breyting á 3. gr. 25. febr. 1997)**

**(Samþykktar breytingar í samræmi við lög Í.S.Í á gr. 1, 2, 3, 4, 6, 7. Þá bætist við ný grein nr. 10 um aðild að U.M.S.B., L.H. og Í.S.Í.)**

Kynnti hann tillögurnar með því að varpa þeim á vegg með skjávarpa. Að því loknu var orðið gefið laust. Töluverðar umræður um 3. grein varðandi réttindi í félaginu. Var ákvæði um keppnisrétt bætt inn í upprunalega tillögu. Fram kom breytingartillaga frá Inga Tryggvasyni við 2. grein laganna. Marteinn fór yfir tilurð lagabreytinganna. Nokkrar orðalagsbreytingar gerðar og lagfæringar á orðalagi.

### **Lagabreytingar teknar til afgreiðslu**

1. gr. Samþ. samhljóða
2. gr. Breytingartillaga frá Inga Tryggvasyni borin undir atkvæði. Er tillaga Inga samþ. með þorra atkv. gegn tveimur. Greinin svo breytt samþ. samhljóða.
3. gr. Samþ. samhljóða sem þeirri viðbót er snýr að keppnisrétti.
4. gr. Samþ. samhljóða
5. gr. Samþ. samhljóða
6. gr. Aðalfundur. Breyting gerð á lið eitt „fundarsetning og kjör starfsmanna“ Samþ. samhljóða með þeirri breytingu.

7. gr. óbreytt
8. gr. samþykkt samhljóða
9. gr. Samþykkt samhljóða
10. gr. samþykkt samhljóða
11. gr. Þátttaka í félagarekstri, ný grein. Greinin samþykkt samhljóða
12. gr. Lagabreytingar – samþykkt samhljóða
13. gr. samþ. samhljóða
14. gr. Samþykkt samhljóða

Lögin svo breytt borin undir atkvæði í heild sinni og voru þau samþykkt samhljóða.

## **„LÖG Hestamannafélagsins Skugga**

### **1. grein Heiti, heimili og varnarþing**

*Félagið heitir Hestamannafélagið Skuggi. Heimili þess og varnarþing er í Borgarnesi. Félagið er aðili að U.M.S.B., L.H. og Í.S.Í. og er háð lögum, reglum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar.*

### **2. grein Tilgangur**

*Tilgangur félagsins er að efla áhuga á hestum og hestamennsku í sem víðtækustu merkingu þess orðs. Einnig að stuðla að góðri meðferð hrossa og gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna. Það skal gert meðal annars með því að:*

1. *Stuðla að sem bestri aðstöðu fyrir félagsmenn og hesta þeirra.*
2. *Byggja upp og viðhalda keppnisaðstöðu fyrir hinar ýmsu keppnisgreinar í hestamennsku.*
3. *Standa fyrir fræðslu og kennslu til handa félagsmönnum.*
4. *Standa fyrir mótahaldi og sýningum á sem breiðustum grunni.*
5. *Byggja upp og viðhalda reiðvegum og reiðleiðum.*
6. *Koma á framfæri og halda á lofti sjónarmiðum félagsmanna sem varða sameiginlega hagsmuni þeirra.*

### **3. grein Félagsaðild**

*Félagar geta allir orðið sem þess óska og eru reiðubúnir til þess að hlíta lögum og reglum félagsins. Umsóknir um inngöngu í félagið skal afhenda eða senda stjórn félagsins sem skráir nýja félagsmenn. Nýir félagar öðlast öll félagsréttindi með greiðslu árgjalds. Keppnisréttur er þó háður ákvæðum laga LH og ÍSÍ. Nýir félagar skulu kynntir á næsta aðalfundi. Óski félagsmaður að ganga úr félaginu skal hann tilkynna það til stjórnar félagsins skriflega. Einnig skal kynna úrsagnir félaga á næsta aðalfundi.*

#### **4. grein Félagsgjöld**

Félagsgjald skal greitt fyrir eitt ár í senn og skal það ákveðið á aðalfundi hve hátt gjaldið er fyrir hvert ár í senn. Stjórn félagsins sér um innheimtu félagsgjalda og er eindagi þeirra 1. maí. Börn 12 ára og yngri eru gjald-frí, börn 13 til 16 ára greiði hálf gjald. Hjón sem bæði eru í félaginu greiði eitt og hálf gjald og kallast hálf gjaldið makagjald. Félagsmenn 67 ára og eldri greiða ekki félagsgjöld og gildir það frá áramótum eftir að þeim aldri er náð. Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjöld sín fyrir 30. september ár hvert teljast ekki lengur félagsmenn enda hafi gjaldkeri sent ítrekun.

#### **5. grein Stjórn, kosningar**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Formaður er kosinn til eins árs, aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum. Tveir menn eru í varastjórn og skulu þeir líka kosnir til tveggja ára, sitt árið hvor.

Kosningar skulu vera skriflegar ef uppástunga kemur um fleiri en einn.

#### **6. grein Aðalfundur**

Aðalfundur skal halda árlega og hefur hann æðsta vald í málefnum félagsins. Skal hann haldinn á tímabilinu frá 15. október til 15. nóvember ár hvert og er hann ekki löglegur nema til hans sé boðað með minnst 7 daga fyrirvara.

#### **Dagskrá aðalfundar skal vera:**

1. Fundsetning og kjör starfsmanna fundarins
2. Skýrsla stjórnar
3. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða og áritaða af skoðunarmönnum félagsins
4. Skýrslur nefnda
5. Kynning á inngöngu nýrra fé-laga og úrsögnum félagsmanna
6. Laga-breytingar
7. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, nefnda og fulltrúa á L.H. og U.M.S.B. þing.
8. Félags- og hagagjöld
9. Önnur mál.
10. Fundi slitið

## **7. grein Skoðunarmenn**

Á aðalfundi skal kjósa til eins árs í senn tvo skoðunarmenn og tvo til vara til þess að yfirfara reikninga félagsins

## **8. grein Reikningsár félagsins**

Reikningsár félagsins skal vera frá 1. október til 30. september.

## **9. grein Starfsnefndir**

Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum og setja þeim starfsreglur. Öll fjármál nefnda skulu fara í gegnum stjórn félagsins.

## **10. grein Aðild að íþróttasamböndum**

Val fulltrúa á héraðsþing U.M.S.B. miðast við félagsmenn skv. félagatali s.l. starfsárs. Sama tilhögun gildir um fjölda fulltrúa á ársþing L.H. Kjörgengi og kosningarétt til íþróttapings og ársþings sambandsaðila Í.S.Í. hafa þeir félagsmenn sem náð hafa 16 ára aldri sbr. 7.gr. laga Í.S.Í.

## **11. grein Þátttaka í félagarekstri**

Heimilt er að félagið taki þátt í stofnun og eigi í félögum, s.s. hlutafélögum, sem hafa það að markmiði að bæta aðstöðu og vinna að hagsmunum félagsmanna og hestamanna almennt. Þessi heimild skal háð samþykki félagsfundar hverju sinni. Stjórn félagsins skal tilnefna og/eða skipa fulltrúa félagsins á fundi slíkra félaga og í stjórnir þeirra, eftir því sem samþykktir þeirra segja fyrir um.

## **12. grein Lagabreytingar**

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi og því aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða falli með tillögunni. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist stjórn fyrir 31. ágúst. Tillögur til lagabreytinga skal kynna í aðalfundarboði.

## **13. grein Afl atkvæða**

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum félagsins.

## **14. grein Til bráðabirgða:**

Reikningsár félagsins árið 2011 skal vera frá 1. janúar til 30. september. Á árinu 2011 skal haldinn annar aðalfundur ekki síðar en 15. nóvember. Kjörtímabil þeirra sem kjörin verða til trúnaðarstarfa fyrir félagið á aðalfundi fyrir árið 2010 styttist sem nemur flýtingu næsta



*aðalfundar eða um sem næst þrjá mánuði. Kjörtími þeirra sem kosin verða á aðalfundi á fyrrihluta ársins 2011, tileins árs sbr. 5. grein, er til aðalfundar á síðari hluta ársins 2011 og kjörtími þeirra sem kosin verða til tveggja ára, til aðalfundar árið 2012.*

### **15. grein Gildistaka**

*Lög þessi öðlast gildi nú þegar.*

*Samþykkt á aðalfundi 2. mars, 2011“*

### **8. Kosningar**

Nú er kosið í samræmi við nýsamþykkt lög félagsins.

Fundarstjóri kynnti tillögur uppstillinganefndar (stjórnar).

**Tillaga til formanns:** Marteinn Valdimarsson, ekki komu fram aðrar tillögur, er hann því rétt kjörinn formaður félagsins næsta starfsár.

### **Aðrir stjórnarmenn**

Stefán Logi Haraldsson	Kjörinn til 2ja ára
Jón Guðjónsson	Kjörinn til 2ja ára
Sigurbjörg Sigmundsdóttir	Kjörin til 1 árs
Helga Björk Þorsteinsdóttir	Kjörin til 1 árs
<b>Varastjórn:</b>	
Bernhard Þór Bernhardsson	Kjörinn til 2ja ára
Guðrún Ásta Völundardóttir	Kjörin til 1 árs

Ekki komu fram aðrar tillögur og eru þau því réttkjörin í stjórn Hmf. Skugga.

**Skoðunarmenn reikninga:** Ingi Tryggvason og Sigríður Jóna Sigurðardóttir

**Skoðunarmenn til vara:** Arnar Már Gíslason og Kristján Gíslason.

### **Nefndakjör**

#### **Æskulýðs- og fræðslunefnd: (5 manna)**

Auður Ásta Þorsteinsdóttir, form.

Monika Kimpfler

Ásberg Jónsson

Rúnar Karl Jónsson

Ágústa Hrönn Óskarsdóttir

#### **Móta- og vallarnefnd: (7 manna)**

Reynir Magnússon, form.  
Kristján Gíslason  
Pétur Sumarliðason  
Birgir Andrésson  
Jón Kristján Sæmundsson  
Hrannar Hjaltason  
Sigurbór Óskar Ágústsson

**Ferðanefnd: (5 manna)**

María R. Eyþórsdóttir, form.  
Þorsteinn Eyþórsson  
Magnús Ólafsson  
Guðrún Þorsteinsdóttir  
Björgvin Sigursteinsson

**Skemmtinefnd: (5 manna)**

Jökull Helgason, form.  
Sigurður Arilíusson  
Ragnheiður S. Hjörleifsdóttir  
Steinunn Árnadóttir  
Hanna Sigríður Kjartansdóttir

**Firmanefnd: (5 manna)**

Bragi Þór Svavarsson, form.  
Jenný Lind Egilsdóttir  
Sigríður G. Bjarnadóttir  
Guðni Halldórsson  
Kristín Jónsdóttir

**Umhverfisnefnd: (5 manna)**

Jón Kristinn Kristjánsson, form.  
Júlíus Jónsson  
Ingvar Þór Jóhannsson  
Þorlákur Magnús Hansen Níelsson  
Sigurður Oddsson

**Reiðveganefnd: (5 manna)**

Arnar M. Gíslason, form.  
Bjarni H. Johansen  
Guðmundur Guðsteinsson  
Halldóra Jónasdóttir  
Sæmundur Jónsson

**Húsnefnd Félagsheimilis: (5 manna)**

Guðjón Guðlaugsson, form.  
Þorsteinn Viggósson  
Bjarni Guðjónsson  
Guðjón Árnason

Margrét Grétarsdóttir

**Rafmagnsnefnd: (3 manna)**

Rúnar Karl Jónsson, form.  
Lilja Ósk Ólafsdóttir  
Guðmundur A. Arason

**Beitarnefnd: (5 manna)**

Ólafur Þorgeirsson, form.  
Andrés Jóhannsson  
Sævar Þórisson  
Sigurður Örn Sigurðsson  
Guðrún Ásta Völundardóttir

**Laganefnd: (3 manna)**

Marteinn Valdimarsson, form.  
Guðmundur A. Arason  
Jón Þór Jónasson

**Kynbótanefnd: (5 manna)**

Halldór Sigurðsson, form.  
Óskar Sverrisson  
Jökull Helgason  
Þór Fannberg Gunnarsson  
Pálmi Sævarsson

**Uppstillingarnefnd:**

Stjórn Skugga.

**Fulltrúar á landsþing:**

Ekkert landsþing á árinu 2011

**Fulltrúar á UMSB þing:**

Stjórn Skugga velji fulltrúa á þingi

## 9. Árgjöld

Stjórn gerir tillögu um óbreytt árgjöld – hafa þau verið óbreytt um nokkurt skeið.

**„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 2. mars 2011, samþykkir að árgjöld verði óbreytt frá síðasta aðalfundi og verði því:**

<i>Fullorðnir</i>	<i>kr. 5.000,-</i>
<i>Makagjald</i>	<i>kr. 2.500,-</i>
<i>Unglingar 13-16 ára</i>	<i>kr. 2.000,-</i>

**Greinargerð:**

*Innheimta árgjalda hefur gengið vel og telur stjórnin ekki ástæðu til að hækka árgjaldið að þessu sinni, þrátt fyrir að árgjald hafi einnig verið samþykkt óbreytt á síðustu aðalfundum. Fjárhagur félagsins er nokkuð góður um þessar mundir og árferði þannig að engin ástæða þykir til að auka álögur á félagsmenn í formi hækkandi félagsgjalda.“*

Samþykkt samhljóða

Stjórn gerir tillögu um nokkra hækkun beitargjalda.

**„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga, haldinn 2. mars 2011, samþykkir að hagagjöld fyrir árið 2011 verði:**

Sumarheit	kr. 2.300,- fyrir hestinn	(Var kr. 2.040,-)
Haustbeit	kr. 1.700,- fyrir hestinn	(Var kr. 1.440,-)
Heilsársbeit	kr. 3.400,- fyrir hestinn	(Var kr. 3.000,-)

**Greinargerð:**

*Innheimta á hagabeit hefur verið óbreytt unanfarin ár, en stjórnin telur óhjákvæmilegt að hækka gjaldið lítillaga nú, þar sem kostnaður við girðingar hefur orðið nokkur undanfarið ár og fyrirsjáanlegt að töluverður kostnaðarauki er framundan vegna nýrra beitarsvæða og nýs beitarsamnings við eigendur Holts-landsins.*

*Áfram er gert er ráð fyrir að við nýjar girðingar útvegi félagið efni og uppsetningu, en leigutakar sjái sjálfir um endurbætur og viðhald á sinum girðingum. Einnig skulu leigutakar sjá um áburðargjöf í úthlutuðum hólfum.“*

Samþykkt samhljóða

**10. Önnur mál**

Stefán Logi tók til máls um sameiningarviðræður við Hmf Faxe. Bar hann upp tillögu um að efna til atkvæðagreiðslu innan Skugga um sameiningu við Faxe svohljóðandi.

*„Aðalfundur Hestamannafélagsins Skugga haldinn 02. mars, 2011 samþykkir að heimila stjórn félagsins að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna 18 ára og eldri um sameiningu félagsins við Hmf. Faxe.*

*Verði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar á þá lund að meirihluti félagsmanna, sem þátt taka, samþykki sameiningu félaganna, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund, sem tekur endanlega afstöðu til sameiningar félaganna. Skal félagsfundurinn boðaður með sama hætti og aðalfundur og hafa vægi aðalfundar í þessu efni.*

### **Greinargerð**

*Þessi tillaga er lögð fram í framhaldi af samþykkt tillögu á síðasta aðalfundi, þann 09. Mars 2010, þar sem stjórn félagsins var heimilað að ganga til viðræðna við stjórn Hmf. Faxe um mögulega sameiningu félaganna.*

*Stjórnir félaganna hafa komið saman í þessu tilefni og var niðurstaða þeirra viðræðna á þá leið að stjórnirnar eru jákvæðar fyrir sameiningu félaganna og vilji er hjá stjórnnum beggja félaga að efna til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sinna, til að fá úr því skorið hver hugur félagsmanna væri.*

*Komi til þess að félagsmenn beggja félaga samþykki sameiningu þá er stefnt að því að framkvæmd hennar verði að loknu starfsári beggja félaga árið 2011.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Nokkrar umræður um tillöguna og samstarfið við Hmf. Faxe. Stefán Logi fór yfir feril málsins og samstarf stjórna félagsins og félaganna almennt. Ámundi tók til máls. Þakkaði hann stjórn gott starf á árinu. Lýsti hann andstöðu sinni við sameiningu. Hefur hann áhyggjur af því að fjármagn og kraftar fari út fyrir félagssvæði Skugga. Fleiri tóku ekki til máls. Tillagan var samþykkt með þorra atkv. gegn þremur.

Guðmundur Arason tók til máls. Bað hann menn um að hugleiða málefni rafmagnsmála hjá okkur og nauðsyn þess að stofna annað félag húseigenda á svæðinu.

Arnar Máraði kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Reiknað er með því að tekjur verði 3,7 millj. og gjöld sama upphæð.

Halldór Sigurðsson beindi því til nýrrar stjórnar hvort ekki væri kominn tími til að gera völlum til góða. Guðmundur Árnason sagði frá mynd sem til er frá Íslandsmóti og skaut því fram hvort ekki væri orðið tímabært að sækja um Íslandsmót að nýju. Ingi Tryggvason tók undir orð Guðmundar um Íslandsmót. Ekki tóku fleiri til máls – Fundarstjóri óskaði nýrri stórn velfarnaðar og gaf nýkjörnum formanni Marteini Valdimarssyni orðið. Hann þakkað samstarfsmönnum sínum í fráfarandi stjórn samstarfið og bauð nýja stjórnarmenn velkomna. 60 manns eru í stjórnnum og nefndum félagsins sem er alls ekki svo lítið hlutfall af félagsmönnum en hann lét í ljós þá von sína að enn fleiri félaga takist að virkja í félagsstarfinu því starfið er margt. Minntist hann á umgengni og lausa hunda í hverfini en í því efni má enn margt bæta. Kom fram í máli hans að átak verður gert í merkingu reiðvega og öryggi á þeim. Minntist hann á heimasíðu félagsins sem verður notuð í sívaxandi mæli sem upplýsingaveita. Þessu næst þakkaði hann starfsmönnum fundarins þeirra störf sem og fundarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi.